



225. fundur Skólanefndar FS

10. febrúar 1998

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Stefanía Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Þorvaldur Örn Árnason og Brynja Magnúsdóttir, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari og Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá: 1. Skólasamningur.
2. Önnur mál.

1. Skólasamningur.

Farið yfir drög að skólasamningi sem borist hafa frá menntamálaráðuneyti. Bent á nokkur atriði sem þarf að leiðrétta. Í grein 4.1 þarf að bæta tónlistarbraut við en sérgreinar brautarinnar eru kenndar í Tónlistarskólanum í Keflavík. Í i-lið í grein 4.2 kemur 1.500 þús. í stað 450 þús. Í a-lið í grein 5.2 á að standa haustönn 1998 í stað vorannar 1999. Skólanefnd samþykkir samninginn með þessum breytingum.

2. Önnur mál.

a) Skólameistari ræddi um blaðafrétt um óspektir á balli á vegum nemendafélagsins og tók fram að ballið sjálft fór vel fram að mati lögreglu. Uppákoma varð hins vegar seinna um nóttina.

- b) Brynja sagði frá málþingi á vegum nemendafélagsins um starfsemi félagsins. Brynja sagði m.a. frá niðurstöðum málsþingsins varðandi aðild að félaginu, skólastjórn og forvarnir.
- c) Rætt um forvarnir, sbr. grein 2 í skólasamningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari